



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

# Skólastefna

## Árborgar 2013–2016

**GLEÐI METNAÐUR VIRÐING**



## Leiðarljós

■ Skólar í Árborg stefni að því að nám nemenda efla hæfni þeirra og þroska þannig að þeir nýti hæfileika sína sér og samfélaginu til heilla.

■ Skipulag skóla- og uppeldisstarfs í Árborg skal efla lýðheilsu barna og unglunga.

■ Lögð er áhersla á færni til að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta.

■ Leitast skal við að hafa daglegt skólastarf fjölbreytt og skemmtilegt fyrir káta krakka og hressa unglunga.

■ Skólar skulu leitast við að vera í góðum tengslum við nærsamfélag sitt og nýta þau tækifæri sem það hefur upp á að bjóða.

■ Starfsfólk leikskóla og grunnskóla styrki



samstarf á ýmsum sviðum sem stuðlað getur að samfelldri heild í skólagöngu barna.

■ Í skólum sveitarfélagsins skal lagt mat

á skólastarf með það að leiðarljósi að tryggja börnum og unglungum góða líðan, menntun og gott skólaumhverfi.

■ Sérfræðipjónusta skóla skal þjóna fjölbreyttum þörfum barna, foreldra og starfsfólks.



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Skólastefna Sveitarfélagsins Árborgar

© Fræðslusvið 2013

Ljósmyndir og umbrot: Davíð Þór Guðlaugsson

Skólastefnan er prentuð í takmörkuðu upplagi en er einnig gefin út á rafrænu formi og miðlun fer fram í gegnum vefsíðuna [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

# Efnisyfirlit

Formáli	5
Inngangur	6
Nám og uppeldi	7–8
Heilbrigði og velferð	9
Lýðræði og mannréttindi	10
Umhverfi og aðbúnaður	11
Foreldrar, kátir krakkar og hressir unglingar	12–13
Skóli og grenndarsamfélag	14
Samvinna skólastiga	15
Mat á skólastarfi	16
Sérfræðipjónusta skóla	17
Orðskýringar	18
Heimildir	19

# Formáli

Á fundi fræðslunefndar 15. september 2011 var fræðslustjóra og formanni nefndarinnar falið að undirbúa vinnu við endurskoðun skólastefnu sveitarfélagsins í samstarfi við helstu hagsmunaaðila. Síðar um haustið var undirbúningshópur boðaður á hugarflugsfund en í hópnum voru fulltrúar foreldraráða, skólaráða, foreldrafélaga og skólastjórnenda. Einnig sátu fundinn sérkennslufulltrúi, fræðslustjóri og formaður fræðslunefndar.

Leitað var eftir hugmyndum að vinnulagi og voru fundarmenn sammála um að fá sem flesta til að taka þátt í stefnumótun. Fram kom tillaga um að halda hugarflugsfund með foreldra- og skólaráðum og setja upp ábendingavef þar sem fólk gæti sett fram hugmyndir sínar sem nýst gætu við endurskoðun skólastefnunnar. Hugarflugsfundur foreldraráða leikskóla og skólaráða grunnskóla var svo haldinn í Sunnulækjarskóla í byrjun febrúar 2012. Í kjölfarið var opnaður ábendingavefur sem var aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins. Þar voru meginniðurstöður foreldraráða og skólaráða settar inn og fljótlega fóru ábendingar að berast inn á vefinn.

Umræðu- og hugarflugsfundur var haldinn með stjórnnum nemendafélaga Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla um miðjan apríl. Niðurstöður nemenda voru einnig kynntar á ábendingavefnum og á heimasíðum skólanna. Loks var haldinn fundur í lok nóvember 2012 þar sem kennarar, skólastjórnendur og fulltrúar í fræðslunefnd komu saman til að leggja mat

á þau stefnuþing sem þá lágu fyrir. Eftir þann fund var kominn nægur efniviður frá helstu hagsmunaaðilum skólasamfélagsins ásamt efni úr nýlegum aðalnámskrám fyrir leikskóla og grunnskóla.

Stýrihópur var stofnaður á fundi fræðslunefndar í febrúar 2012 og var honum falið að taka að sér frekari verkstjórn og samræmingarvinnu. Í stýrihópnum sátu Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður fræðslunefndar, Kristín Eiríksdóttir leikskólastjóri, Guðbjartur Ólason skólastjóri og Þorsteinn Hjartarson fræðslustjóri. Stýrihópurinn hélt nokkra fundi frá haustdögum 2012 fram í maí 2013. Þá hefur efni skýrslu um sérfræðipjónustu skóla í Árborg frá desember 2012, fundargerðir vinnuhóps um sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla og aðkoma margra aðila að þeirri vinnu haft áhrif á áherslur skólastefnunnar. Anna Kristín Sigurðardóttir, deildarforseti á menntavísindasviði Háskóla Íslands, las stefnuþingin yfir og kom með góðar ábendingar. Gísli Skúlason og Magnea Magnúsdóttir lasu próförk og gáfu góð ráð um málfar og texta. Öllum þeim sem komu að þessari vinnu færur við bestu þakkir.

Skólastefna Sveitarfélagsins Árborgar, sem tekur við af eldri leikskólastefnu frá árinu 2006 og stefnu um grunnskóla frá árinu 2007, endurspeglar þau gildi sem nemendur, foreldrar og starfsmenn lögðu áherslu á. Þrjú megingildi fá nánari umfjöllun í inngangi og einstökum köflum, en þau eru:

## GLEÐI, METNAÐUR, VIRÐING

# Inngangur

Skólastefnan er vegvísir fyrir starf leik- og grunnskóla í Sveitarfélaginu Árborg og skapar ákveðinn ramma fyrir helstu áherslur. Leitast er við að skýra þau grunnildi sem aðilar skólasamfélagsins í Árborg vilja að skólarnir séu þekktir fyrir og einkenni verk þeirra. Stefnan markar framtíðarsýn í skólamállum og á erindi til alls samfélagsins.

Gert er ráð fyrir sterkum tengslum skólanna og ýmissa aðila í nærsamfélagi þeirra, enda er mikilvægt að sameina skólastjórnendur, starfsfólk og helstu hagsmunaaðila í sterka liðsheild sem stefnir í sömu átt. Gæði í starfi hvers skóla og árangur byggist á framlagi margra, enda segir gamalt máltæki frá Afríku að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Til að vel tækist til þurfa allir að leggja sig fram af áhuga og umhyggju en á þann hátt sýnum við metnað í verki. Það gerir kröfur um góð samskipti fólks og gagnkvæma virðingu þannig að orð og framkoma veiti börnum og fullorðnum þá reisn sem þeim ber. Allir þurfa að fá tækifæri til tjá skoðanir sínar og ólíkar skoðanir þurfa að njóta virðingar. Virðing felur í sér væntumþykju gagnvart öðrum og er forsenda fyrir góðum skóla sem gegnir stóru hlutverki í námi og uppeldi barna.

Allir eiga rétt á þátttöku í skólastarfinu á eigin forsendum með hliðsjón af hugmyndafræðinni um skóla margbreytileikans – án aðgreiningar. Þannig leggjum við grunn að jákvæðum skólabrag, enda stendur og fellur skólastarf með því að gleði og hamingja nái þar fótfestu. Það er engin tilviljun að flestir þátttakendur í umræðu- og hugarflugsfundum undanfarinna mánaða töldu að gildin gleði, metnaður og virðing skiptu mestu fyrir þróun skólastarfsins, enda

kemur merking gildanna skýrt fram í meginköflum skólastefnunnar.

Í þessari skólastefnu er fjallað um nám og uppeldi, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, umhverfi og aðbúnað, þarfir aðila skólasamfélagsins, grændarsamfélagið, samvinnu skólastiga og mat á skólastarfi. Þá er lögð áhersla á að sérfræðipjónusta skóla þjóni fjölbreyttum þörfum barna, foreldra og starfsfólks. Sérstök áhersla er lögð á að skólar séu hjarta byggðarlagsins og því mikilvægt að góð samskipti og gagnkvæm virðing ríki á milli þeirra og samfélagsins í heild.

Í Sveitarfélaginu Árborg eru starfandi fimm leikskólar og þrjár grunnskólar. Á Eyrarbakka og Stokkseyri eru leikskólarnir Brimver og Æskukot en þeir skólar voru sameinaðar undir eina stjórn árið 2011. Í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri er einnig kennt á tveimur stöðum, yngri bekkir á Stokkseyri og eldri bekkirnir á Eyrarbakka. Á Selfossi eru leikskólarnir Álfheimar, Árbær, Hulduheimar og Jötunheimar og tveir grunnskólar, Sunnulækjarskóli og Vallaskóli. Skólarnir móta sjálfir megináherslur skólastarfsins en þrátt fyrir það er ætlast til að þeir taki mið af skólastefnu sveitarfélagsins og áherslum í aðalnámskrám leik- og grunnskóla við endurskoðun skólanámskráa. Allar áætlanir skólanna eiga að vera í stöðugri endurskoðun. Á það einnig við skólastefnu sveitarfélagsins og stefnt er að því að hún verði framvegis endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Selfossi, 30. maí 2013  
Fræðslunefnd Árborgar



## Nám og uppeldi

Skólar í Sveitarfélaginu Árborg leitast við að beita lýðræðislegum aðferðum í skólastarfinu og við stefnumótun. Við skipulag skólastarfs er æskilegt að ná viðtækri sátt þar sem raddir helstu hagsmunaaðila, svo sem nemenda, foreldra og starfsfólks, fá að hljóma. Einstaklingsviðtöl, bekkjarfundir og skólaþing eru vænlegar leiðir að þessu marki. Skólar í Árborg skulu styðja við viðleitni kennara til að efla og styrkja fagvitund sína með því að gera þeim kleift að stunda símenntun. Á þann hátt geta kennarar tileinkað sér nýjungar í kennsluháttum sem og í fræðunum og stuðlað þannig að jákvæðri skólaþróun, besta mögulega námsárangri nemenda og góðri líðan.

Nám og kennsla skal stuðla að því að nemendur tileinki sér gagnrýna hugsun og hæfni til að tjá skoðanir sínar. Í skólum skal tvinnna saman leik og starf á þroskavænlegan hátt. Leggja skal áherslu á fjölbreytta kennslu-

hætti og skapandi starf þar sem nemendur fá tækifæri til að þroska sköpunarhæfni sína. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur á að vera eðlilegur hluti skólastarfsins og markmið stuðningsins að styðja við nemendur í skóla án aðgreiningar. Í hverjum skóla þarf að vinna heildaráætlun um skipulag sérstaks stuðnings við nemendur þar sem kemur fram hvernig margbreytilegum hópi nemenda verði sinnt, bæði náms- og félagslega. Þegar grunur vaknar hjá kennurum og/eða foreldrum um að nemandinn þurfi sérstakan stuðning til aukinna framfara, náms og/eða félagslega, skal lagt á það mat hvort námið og námsumhverfið sé við hæfi og hvort nemandinn hafi þörf fyrir



sérstakan stuðning. Þegar nemandi sem nýtur sérstaks stuðnings lýkur námi og hefur nám á næsta skólastigi skal gera sérstaka áætlun um skólaskil, hvort sem er milli leik- og grunnskóla eða grunn- og framhaldsskóla.

Samræmd könnunarpróf eru hluti af námsmati grunnskólanna í 4., 7. og 10. bekk og árangur á þessum prófum er einn af þeim mælikvörðum sem notast er við þegar lagt er mat á gæði skólastarfs. Á undanförunum árum hefur árangur í einstökum námsgreinum í grunnskólum sveitarfélagsins oft verið undir landsmeðaltali og mikilvægt er að bregðast við því með faglegri umræðu, sjálfsmati, kennslufræðilegum stuðningi og mótun umbótaáætlana í hverjum skóla. Í þessu sambandi þarf einnig að efla málþroska og læsi í víðu samhengi. Sem dæmi um verkefni á því sviði má nefna tölvutengd samstarfsverkefni, verkefni í úti-kennslu er tengjast umhverfis- og náttúrufræði eða samstarfsverkefni sem miða að því að tengja nærumhverfið og daglegt líf við málþroska og læsi barna. Þá þarf nemendum að standa til boða að fá einstaklings-, bekkjar- og hópviðtöl að lágmarki 3–4 sinnum á ári.



Skólastjórnendur eru hvattir til að nýta nýjstu menntarannsóknir á hverjum tíma skólastarfinu til heilla. Skólastarfið skal stuðla að því að nemendur þroski hæfni sína til sjálfs- og námsaga í góðri samvinnu við heimilin. Þetta er gert með því að marka skýra stefnu og setja skiljanleg viðmið sem öllum í skólasamfélaginu ber að virða. Skólar skulu koma sér upp forvarnaáætlunum og setja sér jafnréttisáætlun.

**Leiðarljós:** Skólar í Árborg stefni að því að nám nemenda efla hæfni þeirra og þroska þannig að þeir nýti hæfileika sína sér og samfélaginu til heilla.

**Markmið:**

- Skólabragur skal einkennast af gleði, heilbrigði og jákvæðni.
- Nemendur hafi jöfn tækifæri til náms og þroska við sitt hæfi í skólum sveitarfélagsins.
- Samstarf heimila og skóla á að einkennast af trausti, gagnkvæmum stuðningi og góðri upplýsingamiðlun.
- Árangur á samræmdum prófum verði um eða yfir landsmeðaltali eigi síðar en árið 2016.

# Heilbrigði og velferð

Í skóla- og uppeldisstarfi í Sveitarfélaginu Árborg er mikilvægt að huga vel að lýðheilsu nemenda á þann hátt að áherslur skólanna stuðli að því að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og leggi rækt við heilbrigða lífshætti. Hreyfing, hollur matur og félagsfærni skipta þar miklu. Lýðheilsa hefur breiða skilgreiningu þar sem almenn vellíðan, jafnræði, friðsæld og jöfn tækifæri til náms og þroska er grunnur hugtaksins. Rækta þarf hæfni barna og unglunga til heilbrigðra skoðanaskipta í skólaumhverfi þar sem unnið er gegn hvers kyns áhættuhegðun, fordómum og ofbeldi. Fordómahugtakið hefur neikvæðan blæ því þar birtast neikvæðir dómar yfir fólki og málefnum sem byggjast oftast á hræðslu og vanþekkingu. Fordómar stuðla að misrétti og algengt er að þeir leiði til mismununar. Fordómafullir einstaklingar hræðast oft fræðslu og nýjungar og því vinna fordómar gegn meginmarkmiðum menntunar. Fordómar hafa skaðleg áhrif á samfélagið og því er ábyrgð aðila skólasamfélagsins mikil gagnvart því að losa skóla og nærsamfélag þeirra við fordóma.

Einelti hefur afar neikvæðar afleiðingar enda eru mörg dæmi um að einelti hafi skaðleg áhrif á þá sem verða fyrir því. Einelti er skilgreint sem endurtekið eða nær stöðugt neikvætt áreiti gegn annarri manneskju eða hópi einstaklinga gegn vilja þeirra. Einnig er útilokun frá þátttöku í leik og starfi hópsins ákveðin tegund eineltis. Því miður hefur ekki tekist nógu vel að útrýma einelti úr skólum og stofnunum samfélagsins en það birtist hjá fólki á öllum aldri. Margt bendir til að í seinni tíð séu fleiri tilbúnir að deila reynslu sinni af einelti sem ætti að auðvelda mótun fyrirbyggjandi vinnu gegn einelti. Gerð er krafa um að skólar vinni eftir skýrum verklagsreglum þegar upp kemur einelti meðal barna og unglunga og að eineltisáætlun viðkomandi skóla sé aðgengileg helstu aðilum skólasamfélagsins. Sterk



sjálfsmynd, sjálfsöryggi og metnaður eru þættir sem leggja þarf rækt við hjá nemendum. Þegar gleði ríkir í skólastarfinu og samskipti eru á jákvæðum nótum er líklegra að öllum líði vel og umhverfið sé heilsueflandi. Í skólum sveitarfélagsins þarf að setja skýr markmið heilsueflingar og öruggs umhverfis fyrir alla, bæði nemendur og fullorðna. Stuðla skal að hreyfingu, hollum lífsháttum og fræðslu til nemenda um kynheilbrigði. Einnig skal séð til þess að matur í skólum sé hollur, góður og að nemendur fái nægan tíma til að nærast. Taka þarf mið af manneldismarkmiðum embættis landlæknis.

**Leiðarljós:** Skipulag skóla- og uppeldisstarfs í Árborg skal efla lýðheilsu barna og unglunga.

**Markmið:**

- Skólastarf skal stuðla að því að nemendur eigi auðvelt með að setja sér markmið og taka skynsamlegar ákvarðanir út frá eigin velferð.
- Efla skal sjálfsskilning nemenda og hæfni þeirra til að setja sig í spor annarra.

# Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði eða „demókrati“ á rætur sínar að rekja til gríska orðsins *demós* – sem þýðir fólk, *lýð* – og *kratos* sem þýðir vald. Í lýðræðislegu samfélagi taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins sem stuðlar að sjálfbærni menntunar. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun, jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólans og aðferðum sé tekið tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum. Það felur meðal annars í sér virðingu fyrir manngildi sem nær yfir mannkosti, skapgerð, lyndiseinkunn og innri gildi mannsins. Einnig ber að virða mannréttindi barna og ungmenna sem og hæfileika þeirra og þroskamöguleika. Nemendur eiga að fá tækifæri til að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum sem þá varða og tekið skal tillit til skoðana þeirra, allt eftir aldri og þroska og eðli máls. Áhugi sem börn sýna og fjölbreytilegar þarfir eiga að vera sá grunnur sem mótar umhverfi og starfshætti skólans.

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunn-gildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggja skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Sem dæmi um það eru heimsóknir í stofnanir og fyrirtæki í nærsamfélaginu. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs-, tómstunda- og íþróttafélög. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélagið, en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni. Áhersla er lögð á að lýðræðislegir

skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag. Einnig sé tekið mið af jafnréttisstefnu Árborgar og stuðlað að því að konum og körlum sé ekki mismunandi í þjónustu og starfsemi sveitarfélagsins. Það er eitt af verkefnum skólustjórans, sem er faglegur leiðtogi skólans, að leiða lýðræðislegt samstarf aðilla skólasamfélagsins. Þar eru foreldrar einnig afar mikilvægir en þeir bera ábyrgð á því að veita börnum sínum leiðsögn og stuðning í samræmi við þroska þeirra og aldur.

Ísland hefur breyst í fjölmennarlegt samfélag á undanförunum árum og því er samsetning nemendahópsins oft margbreytileg þar sem mörg tungumál eru töluð og menningaruppruni ólíkur. Við val á kennsluáferðum og mótun námsumhverfis þarf að taka mið af þessum veruleika og tryggja að allir njóti jafnra tækifæra til náms og þroska. Í fjölmennarlegu samfélagi er mikilvægt að koma auga á tækifærin sem mismunandi menningaruppruni nemenda býður upp á í námi og kennslu. Jafnframt kallar nám í íslensku, sem er annað mál hjá tvítýngdum börnum, á góða fagþekkingu kennara. Tryggja þarf viðeigandi túlkþjónustu þegar á þarf að halda til að upplýsingar og ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum sem best.

**Leiðarljós:** Skólastarf og samskipti í skólunum skulu einkennast af metnaði, hvatningu og virðingu fyrir manngildi allra.

## Markmið:

- Skólabragur skal einkennast af umhyggju og samvinnu og eiga öll samskipti að stuðla að því að börn læri að bera virðingu fyrir náunganum.



# Umhverfi og aðbúnaður

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki mögulegt að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta. Algengur skilningur á hugtakinu sjálfbærni felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomenda í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Uppeldi og menntun er meginhlutverk skólanna og þeir búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu samfélagi sem er í sífelldri þróun. Skólarnir nýta það sem nærumhverfið hefur upp á að bjóða af sögulegum verðmætum og auði jarðar. Því markmiði ná þeir með því að kenna nemendum að umgangast nánasta umhverfi sitt af virðingu og alúð og leggja þannig grunn að samábyrgu samfélagi. Þessar áherslur þurfa að koma fram í skólanámskrá og öllu starfi.

Til þess að ná sem bestum árangri í skólastarfinu þurfa allir sem að skólasamfélaginu koma að skapa sem best umhverfi fyrir nemendur og leitast við að hafa aðbúnað til náms, kennslu og sérfræðiþjónustu góðan og fjölbreyttan. Hér er átt við umhverfi í sem víðustum skilningi, þ.e. bæði aðbúnað og skólabrag. Árangurríkt skólastarf veltur á því að allir aðilar

skólasamfélagsins, svo sem starfsmenn, foreldrar og nemendur, séu fúsir til samvinnu og upplýsingagjafar. Þetta er einungis mögulegt með því að gagnkvæmt flæði upplýsinga sé fyrir hendi nemendum til hagsbóta. Allar upplýsingaveitur skólanna þurfa að vera foreldrum og forráðamönnum aðgengilegar. Starfsfólk skólanna þarf að fylgjast vel með framþróun í upplýsingatækni og kennsluháttum og nýta þá hæfni sem verkfæri til að efla framsækið og sveigjanlegt skólastarf. Hver skóli skal marka sér móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og starfsmenn.

**Leiðarljós:** Lögð er áhersla á færni til að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta.

## Markmið:

- Stuðla skal að umhverfisvitund og sjálfbærri hugsun hjá starfsfólki og nemendum.
- Leggja skal rækt við sérstöðu umhverfisins sem og sögu og menningu sveitarfélagsins.



# Foreldrar, kátir krakkar og hressir unglingar

Í skólstarfi þarf að mæta margbreytilegum þörfum barna á öllum aldri og huga þarf vel að námsumhverfi þeirra. Í seinni tíð er meiri skilningur á að leggja þurfi áherslu á fjölbreytta og sveigjanlega náms- og kennsluhætti þar sem öllum er gert kleift að taka virkan þátt í starfinu. Þær áherslur eru eitt meginsteifið í hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar sem gerir kröfur um

skólastarf í sífældri þróun þar sem skipulag í námi og kennslu tekur mið af þörfum hvers og eins.

Ef vel á takast til við að byggja upp áhugavert starf í skólunum, þar sem gleði er ríkjandi og virðing borin fyrir fjölbreyttu mannlífi, þarf að leggja rækt við skólabraginn. Nemendur og starfsfólk þurfa helst að finna fyrir vellíðan, vin-

áttu, jákvæðu viðmóti og eiga gleðirík samskipti. Þar sem gleði og virðing ríkir kemur ábyrgðarkennd, metnaður og sköpunargleði oftast í beinu framhaldi. Auknar líkur eru á árangri ef lögð er áhersla á gott samstarf aðila skólasamfélagsins og gerð skólanámskrár sem er öllum skiljanleg.

Samstarfið snýr ekki einungis að nemendum og starfsfólki skólanna heldur einnig að foreldrum og öllu grenndarsamfélaginu. Þegar foreldrar styðja við nám barna sinna og sýna starfi skólanna áhuga stuðlar það að bættum skólabrag og árangursríku starfi meðal nemenda og kennara. Að byggja upp góð tengsl heimila og skóla er viðvarandi verkefni.

Þegar skólarnir sýna frumkvæði að samskiptum við foreldra er verið að stuðla að virkni og þátttöku allra helstu lykilaðila í lífi barnsins. Skólarnir eiga að setja sér áætlun um samstarf foreldra og skóla og leitast við að gera foreldrum kleift að koma að mótun skólastarfs, meðal annars með

öflugum foreldrafélögum. Einnig þarf að stuðla að samstarfi foreldrafélaga á milli skólastiga, svo sem í forvarnar- og fræðslumálum. Loks er öflugt starf nemendafélaga afar mikilvægt og að þeim sé gert kleift að hafa áhrif á skólastarfið.

**Leiðarljós:** Leitast skal við að hafa daglegt skólastarf fjölbreytt og skemmtilegt fyrir káta krakka og hressa unglinga.

**Markmið:**

- Aðilar skólasamfélagsins leitist við að byggja upp jákvætt og áhugavert foreldrasamstarf.
- Í uppbyggingu foreldrasamstarfs verði horft til nærsamfélagsins til að efla skilning og þekkingu nemenda á heimabyggð sinni.
- Stuðla skal að samstarfi nemenda milli skóla í Árborg.



# Skóli og grenndarsamfélag

Skólar eru hjarta hvers byggðarlags og því mikilvægt að góð samskipti og gagnkvæm virðing ríki á milli skólanna og samfélagsins í heild. Skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla eru liður í því að auka þátttöku aðila utan skólanna í skólastarfinu og í þessum ráðum sitja bæði foreldrar og fulltrúar grenndarsamfélagsins. Grenndarsamfélagið getur haft mikil áhrif á mótun og þroska þeirra einstaklinga sem þar búa. Mikilvægt er að samfélagið gefi nemendum skólanna fordæmi til eftirbreytni og sé þeim góð fyrirmynd.



Tengsl skóla og atvinnulífs skipta miklu máli og ættu skólarnir að leggja sig eftir því að efla þau tengsl. Skólastarfið snýr jafnt út á við sem inn á við og er það viðvarandi verkefni að



efla og styðja starf nemendaráða, foreldraráða, skólaráða og foreldrafélaga. Jafnframt þarf að auka enn frekar samféllu í skóla-, íþrótt- og tómstundastarfi.

Hvetja þarf nemendur skólanna til þátttöku í þeim viðburðum sem fara fram í samfélaginu og auka þannig hjá þeim vitund og þekkingu á því sem fram fer í þeirra nánasta umhverfi. Leik- og grunnskólar sveitarfélagsins eru ólíkir að stærð og gerð og hafa að auki mismunandi áherslur. Allir skólarnir eiga að leggja áherslu á sitt nánasta umhverfi og nýta þá sérstöðu sem það býr yfir. Námsframboð skólanna þarf að vera fjölbreytt og innihaldsríkt, meðal annars til að námið tengist vel þeim veruleika sem barnið

atvinnulíf. Í skólanámskrá hvers skóla þarf að gera grein fyrir því hvernig tengslum skólans við nærsamfélagið er háttað.

**Leiðarljós:** Skólar skulu leitast við að vera í góðum tengslum við nærsamfélag sitt og nýta kosti þess.

#### Markmið:

- Virk og góð tengsl séu á milli samfélagsins og skólans þar sem gagnkvæm virðing ríkir gagnvart þörfum og skyldum allra aðila.
- Skólar leitist við að efla skilning nemenda á uppbyggingu nærsamfélagsins.

þekkir. Vitund og þekking nemenda á sögu sveitarfélagsins, náttúrunni og umhverfinu er mikilvæg. Leiðir til að auka þessa þekkingu eru að tengja námið með beinum hætti til dæmis við menningu, listir, íþróttir, félags- og tómstundastarfið



## Samvinna skólastiga

Samfella þarf að vera í námi barna sem stuðlar að vellíðan og öryggi þegar þau flytjast á milli skólastiga. Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla ber sveitarfélögum að koma á samstarfi milli leik- og grunnskóla. Samstarfið þarf meðal annars að beinast að því að koma í veg fyrir að rof myndist í námi barnsins við flutning milli skóla. Leitast skal við að mynda samfellda heild í skólagöngunni þannig að reynsla og nám úr leikskólanum nýtist í grunnskólanum og hið sama á einnig við þegar barnið flyst úr grunnskóla í framhaldsskóla. Því þarf að þróa faglegt samstarf kennara milli skóla sveitarfélagsins. Það er best gert með því að

kennarar mismunandi skólastiga kynni sér áherslur hver annars, til að mynda með upplýsingagjöf, sameiginlegum fagfundum og þróun á samstarfsneti skóla. Loks þarf að fjalla um samvinnu milli skólastiga í skólanámskrám.



**Leiðarljós:** Starfsfólk leikskóla og grunnskóla styrki samstarf á ýmsum sviðum sem stuðlað getur að samfelldri heild í skólagöngu barna.

#### Markmið:

- Áhersla sé lögð á sveigjanleika í starfsháttum og tengsl skólastiga með þarfir barna að leiðarljósi.
- Skólar nýti samstarfmöguleika sem bjóðast í nærumhverfinu.
- Skólar vinni saman að forvörnum og heilsueflingu með velferð barna að leiðarljósi.





# Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi hjálpar aðilum skólasamfélagsins að skilja hvernig skólastarfið stendur undir kröfum í lögum um skólastarf, aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins og þeim væntingum sem gerðar eru til skólanna. Mat á árangri skólastarfsins er hluti af góðum stjórnunarháttum og er ætlað að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá menntun og þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Mati á skólastarfi er skipt í innra- og ytra mat en þessi mismunandi form fléttast oft saman, svo sem með notkun á viðurkenndum matstækjum og með mótun verklags innan skólanna. Mat á skólastarfi er lögbundið verkefni og tekur Sveitarfélagið Árborg þátt í því samstarfi sem hefur verið að þróast á þessu sviði meðal ríkis og sveitarfélaga. Fræðsluvið aflar upplýsinga um skólastarf með ytra mati, meðal annars með viðhorfskönnunum og notkun á Skólavoginni fyrir grunnskólana. Þau gögn nýtast í stefnumótunarvinnu í skólamálum.

Þegar niðurstöður innra og/eða ytra mats liggja fyrir er mikilvægt að gera áætlanir um eflingu skólastarfs, bæði hvernig hægt er þróa og bæta starfið út frá styrkleikum og marka leiðir til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Gerð sjálfmatskýrslu og umbótaáætlunar á að vera eðlilegur hluti af starfi skólanna og setning markmiða í skólanum þarf að taka mið af þeim áherslum sem þar koma fram. Úttektarskýrslur, sjálfmatskýrslur, umbótaáætlanir og ýmsar niðurstöður matsverkefna þurfa að fá kynningu í skólasamfélaginu og birtast á heimasíðum skóla og sveitarfélags. Skólar veiti fræðslunefnd upplýsingar um sjálfsmat sitt ásamt áætlun um umbætur.

Grunnskólar sveitarfélagsins nýta allir Skólapúlsinn og önnur matstæki í sínu innra mati sem þarf m.a. að ná til stjórnunar, kennslu, námsmats og samskipta. Þær niðurstöður sem koma fram með mælingum Skólapúlsins nýtast einnig í Skólavoginni sem er nýlegt tæki sem nýtist sveitarfélögum til að koma til móts við lögbundnar kröfur um ytra mat og eftirlit með skólum. Auk þess koma þar fram gagnlegar lykiltöl-



ur frá öðrum sveitarfélögum sem nýtast meðal annars við fjárhagsáætlunargerð í skólamálum. Þá kemur samnýting niðurstaðna í viðhorfsmælingum Skólapúlsins með vefkerfi Skólavogarinna í veg fyrir tvíverknað og aukið álag á skólastarf.

**Leiðarljós:** Í skólum sveitarfélagsins skal lagt mat á skólastarf til að tryggja börnum og unglíngum góða líðan, menntun og gott skólaumhverfi.

#### Markmið:

- Mat á skólastarfi og umbótaáætlanir eiga að hafa það markmið að stuðla að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins með upplýstri umræðu um skólamál.
- Matið taki mið af helstu áherslum skólastefnunnar, stuðli að skólaþróun og styðji skólastjórnendur og starfsfólk í umbótum á eigin starfi.



## Sérfræðipjónusta skóla

Sérfræðipjónusta skóla á að beinast að því að efla skóla sveitarfélagsins sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð eftir þörfum, svo sem vegna nýbreytni-, þróunarstarfa og starfsumhverfis. Þjónustan á að einkennast af sameiginlegri lausnaleit sérfræðinga, kennara og foreldra í þeim úrlausnarefnum sem aðilar skólasamfélagsins standa frammi fyrir. Jafnframt verði unnið að auknu faglegu samstarfi innan hvers skóla og milli skóla. Slíkt samstarf getur stuðlað að bættum námsárangri hjá öllum börnum sveitarfélagsins en þá þarf að veita faglegum leiðtogum hvers skóla tækifæri til að blómstra. Samhliða þessu þarf hver skóli að leggja áherslu á innri stoðþjónustu sína, svo sem náms- og starfsráðgjöf, skólahjúkrun og almennan stuðning við nemendur. Þá þarf að efla stuðning við foreldra með ráðgjöf og fræðslu. Þá veita kennarar og proskapjálfar Seturs í Sunnulækjarskóla ráðgjöf til kennara, foreldra og starfsmanna skólanna.

Unnið er að breytingum á sérfræðipjónustu sveitarfélagsins sem tekur mið af þeirri framtíðarsýn sem vinnuhópur um sérfræðipjónustu skóla lagði fram í ársbyrjun 2013. Einnig verði tekið mið af skýrslu þeirra Trausta Þorsteinssonar og Gunnars Gíslasonar sem kom út um

miðjan desember 2012. Samkvæmt meginniðurstöðum skýrsluhöfunda og vinnuhóps þarf að leggja áherslu á heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda, óháð starfsstéttum og hver veiti þjónustuna. Snemmtækt mat á stöðu nemenda skiptir miklu og ráðgjöf vegna náms-, félags- og sálræns vanda og inngríp þegar á þarf að halda. Leggja þarf áherslu á góða kynningu á þeirri þjónustu sem í boði er fyrir börn, foreldra og starfsfólk skóla.

Skólastjóri ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd sérfræðipjónustu hvers skóla. Fræðsluyfirvöld hafa eftirlitshlutverkið á sinni könnu og fjalla um málefni sérfræðipjónustunnar á fundum fræðslunefndar.

**Leiðarljós:** Sérfræðipjónusta skóla skal þjóna fjölbreyttum þörfum barna, foreldra og starfsfólks.

#### Markmið:

- Verkerfilar vegna sérfræðiaðstoðar verði unnir í hverjum skóla og skulu þeir vera skýrir og aðgengilegir notendum.
- Helstu ábyrgðaraðilar sérfræðipjónustu skóla og félagsþjónustu skulu styrkja samstarf sitt.

# Orðskýringar

**Áhættuhegðun:** Börn sem eru haldin kvíða, sýna erfiða hegðun og/eða eiga í samskiptaerfiðleikum við skóla- félaga geta verið í áhættuhópi ef ekki er tekið á málum strax. Sjálfstyrking, stuðningur við jákvæða hegðun, marvissar leiðir til að draga úr stigmögnun erfiðrar hegðunar og vinna með félagsfærni eru allt dæmi um forvarnarstarf sem vinnur gegn áhættuhegðun barna og unglunga. Andfélagsleg hegðun er ákveðið birtingarform áhættuhegðunar.

**Félagsfærni** er hegðun sem börn læra smátt og smátt af foreldrum, systkinum, vinum og öðru fólki. Um er að ræða hegðun sem stuðlar að góðum samskiptum sem getur skipt sköpum fyrir árangur í leik, námi og starfi. Sá einstaklingur sem býr yfir góðri félagsfærni á auðvelt með að tjá jákvæðar og neikvæðar tilfinningar í samskiptum við aðra.

**Gildismat** er sameiginlegt mat okkar á verðmætum í lífinu og tengist reglum okkar um hegðun, hugsun og hugmyndir sem við höfum um það sem er mikilvægt í lífinu.

**Heilsueflandi umhverfi:** Þar er börnum gert kleift að nýta líkamlega, andlega og félagslega getu sína til aukinnar sjálfsvirðingar. Í heilsueflandi umhverfi er jafnframt leitast við að auka getu barna og unglunga til að bæta eigið heilbrigði og lýkur því verkefni í raun aldrei.

**Kynheilbrigði** varðar bæði kynlífs- og frjósemisheilbrigði einstaklinga. Í fyrstu hafa foreldrar mest að segja í því að móta jákvæða sjálfsmýnd á þessu sviði, en síðan fara vinir, skólinn og fjölmíðlar og markaðsöfl að skipta meira máli. Allir sem hafa áhrif á kynheilbrigði barna og ungs fólks, svo sem foreldrar, skólinn, félagsmiðstöðvar og fjölmíðlar, þurfa að leggja sitt af mörkum til að tryggja heilbrigði þeirra sem best á þessu sviði.

**Siðferði** er fólgið í skráðum og óskráðum reglum sem varða lífnaðarhætti, breytni og samskipti við fólk, umhverfi og náttúru.

**Skapandi starf** leggur áherslu á að unnið sé út frá forvitni og áhuga barna og markmiðið er að þau uppgötvu og njóti þess sem unnið er með hverju sinni. Sýn barnsins, sköpunarkraftur og ímyndunarafli skipta meira máli en afurðin sem slík.

**Sjálfbærni:** Mannleg starfsemi sem fullnægir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum framtíðarkynslóða til að fullnægja sínum þörfum.

**Skólabragur** lýsir megineinkennum skólstarfs og vísar til ríkjandi viðmiða, markmiða, gilda, samskipta, starfs- og stjórnunarháttanna. Margar rannsóknir sýna að skólabragur hefur afgerandi áhrif á andlega og líkamlega heilsu nemenda.

**Skólar:** Leikskólar og grunnskólar.

**Skólasamfélag:** Börn, foreldrar, forráðamenn, starfsfólk skóla og ýmsir aðilar nærsamfélagsins.

**Skólastjórar:** Í skólastefnu Árborgar nær orðið yfir leikskólastjóra og skólastjóra grunnskóla.

**Skóli án aðgreiningar:** Þar eru jöfn tækifæri til náms óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Allir nemendur eiga rétt á að stunda nám við hæfi. Þess er því gætt að tækifærin ráðist ekki af því hvort nemandi er af íslensku bergi brotinn eða af erlendum uppruna. Þau eru óháð því hvort um drengi eða stúlku er að ræða, hvar nemandi býr, hveir stéttar hann er, hvaða trúarbrögð hann aðhyllist, hver kynhneigð hans er, hvernig heilsufari hans er háttað eða hvort hann býr við fötlun eða hverjar aðstæður hans eru.

**Upplýsingaveitur:** Heimasiður, Mentor, fréttabréf, tölvupóstur o.s.frv.

**Virðing** er eitt af grunnildum samfélagsins og þurfa börn að læra að virða aðra. Þegar börn virða náungann í stað þess að beita hann ranglæti minnka líkur á einelti, fordómum og kynþáttahyggju.

# Heimildir

*Aðalnámskrá grunnskóla 2011 – Almennur hluti.* Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

*Aðalnámskrá leikskóla 2011.* Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ábendingavefur fyrir endurskoðun skólastefnu. <http://abending.arborg.is>

*Aukið samstarf leikskóla og grunnskóla um eflingu málþroska og læsis* (2011). Skýrsla starfshóps. Reykjavíkurborg, skóla- og frístundasvið.

Center for Social and Emotional Education School Climate Brief Vol. 1 No. 1 January 2010. Sótt 3. mars 2013 af [http://www.schoolclimate.org/climate/documents/SCBrief\\_v1n1\\_Jan2010.pdf](http://www.schoolclimate.org/climate/documents/SCBrief_v1n1_Jan2010.pdf)

Embætti landlæknis. Kynheilbrigði. Sótt 7. mars 2013 af <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/kynheilbrigdi/>

Forvarnarstefna Sveitarfélagsins Árborgar 2010–2013.

Fundur foreldraráða leikskóla og skólaráða grunnskóla, haldinn í Sunnulækjarskóla fimmtudaginn 2. febrúar 2012 um endurskoðun skólastefnu. Sótt 13. febrúar 2012 af <http://abending.arborg.is/wp-content/uploads/2012/02/Hugarflugsfundur.pdf>

Gunnar Hersveinn (2010). *Þjóðgildin*. Skálholtsútgáfan Reykjavík.

Jafnréttisstefna Sveitarfélagsins Árborgar 2013–2015.

Kolbrún Baldursdóttir (2012). *Bók um eineltismál* – EKKI MEIR. Skólavefurinn ehf.

Niðurstöður umræðuhópa á samráðs- og stefnumótunarfundi í Sunnulækjarskóla 28. nóvember 2012. Sótt 24.1.2013 af [http://www.arborg.is/wp-content/uploads/2012/11/Nidurstodur\\_samr\\_.\\_stefnum.f.sunnul.pdf](http://www.arborg.is/wp-content/uploads/2012/11/Nidurstodur_samr_._stefnum.f.sunnul.pdf)

Páll Skúlason (1990). *Siðfræði*. Rannsóknarstofnun í siðfræði, Reykjavík.

*Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur í grunnskólum* (2012). Stefna skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar.

Trausti Þorsteinsson og Gunnar Gíslason (2012). *Skýrsla - Sérfræðiþjónusta skóla í Árborg*. Gát sf. <http://www.arborg.is/wp-content/uploads/2012/12/Lokaskýrsla-19.12.2012.pdf>

Umræðu- og hugarflugsfundur með stjórnemendafélaga Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla haldinn í Sunnulækjarskóla þriðjudaginn 17. apríl 2012. Sótt 12. maí 2012 af <http://abending.arborg.is/wp-content/uploads/2012/05/Umræðu-og-hugarflugsfundur-nemenda-17.4.2012.pdf>

*Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*. Stefnumörkun til 2020. Umhverfisráðuneytið.

